



Heiðmörk – samspil vatnsverndar og útivistar í deiliskipulagsvinnu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur framfylgir löggjöf um vatnsvernd og vatnsverndarsamþykkt höfuðborgarsvæðisins, sem öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sameinast um, og snýr að því að tryggja verndun grunnvatns og gæði neysluvatns.

Er þar m.a. horft til *Samþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar*, *Reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns*, *Reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns*, *Laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála*, *Reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn*, *Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og Aðalskipulags Reykjavíkur 2040*, ásamt fleiri laga og reglna.

Deiliskipulagsvinna

Deiliskipulagsvinna er nú í gangi þar sem unnið er með framtíðaruppbyggingu Heiðmerkur. Markmið deiliskipulagsins er að tryggja öryggi grunnvatns og áframhaldandi nýtingu svæðisins sem útivistarsvæðis að teknu tilliti til vatnsverndar, enda geti vatnsvernd, skógrækt og útivist farið vel saman.

Í deiliskipulagsvinnunni er m.a. verið að skoða hvernig hægt sé að tryggja gott aðgengi að svæðinu án þess að eiga á hættu að vatnsvernd sé ógnað. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um útfærslu á aðgenginu en þó er ljóst að nauðsynlegt er að setja einhverjar takmarkanir á aðgengi vélknúinna ökutækja að vatnsverndarsvæðinu vegna mengunarhættu. Í vinnu að deiliskipulaginu er unnið að lausnum til að draga úr áhættu vegna aukinnar umferðar innan vatnsverndarsvæðisins með takmörkum umferðar í gegnum svæðið og uppsetningu nýrra bílastæða fjær brunnsvæðum, en með gott aðgengi að útivistarsvæðinu og áningastöðum í Heiðmörk. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur haft áhyggjur af aukinni umferð einkabíla inná vatnsverndarsvæðið, sérstaklega að vetrarlagi, næturlagi og vegna hraðaksturs, og talið hana eina helstu ógn við gæði vatns fyrir höfuðborgarsvæðið og ótal dæmi eru um slys innan svæðisins af þess völdum. Einnig er æskilegt að takmarka aðgengi að helstu vatnstökusvæðum m.t.t. skemmdarverka.

Nákvæmar útfærslur og tillögur að aðgengi að svæðinu liggja ekki fyrir og eru hluti deiliskipulagsvinnu þar sem Reykjavíkurborg, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Veitur og Skógræktarfélag Reykjavíkur eiga aðkomu. Ekki liggur því fyrir hvernig takmörkun á umferð um vatnsverndarsvæðið verður útfærð, en slíkt er mikilvægt að gera í góðu samráði við alla hagaðila og hægt væri að gera slíkt í skrefum eftir því sem þörf er á. Í deiliskipulagsvinnunni er ekki gert ráð fyrir því að almennt aðgengi að útivistarstígum og áningasvæðum muni minnka, heldur lögð áhersla á að tryggja gott aðgengi allra að góðum göngu-, hlaupa- og hjólastígum, og aðgengi að góðum áningasvæðum. Einhver áningasvæði innst innan grannsvæðis yrðu mögulega ekki aðgengileg á vélknúnum ökutækjum, en í staðinn yrðu nýir útivistarstígar og



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

áningasvæði sett upp nálægt skipulögðum bílastæðum. Ennfremur kæmi einnig til greina af hálfu heilbrigðiseftirlitsins að litlir rafmagnsvagnar hefðu aukið aðgengi inn á svæðið með skilyrðum.

Benda má á að bæði Hafnafjörður og Garðabær hafa lokið deiliskipulagsvinnu á sínum hluta Heiðmerkur og hafa í þeirri vinnu fært bílastæði og áningarstaði út af grannsvæði vatnsverndar í samræmi við stefnumörkun í svæðisskipulagi með góðum árangri.

Fram hafa komið hugmyndir um að heppilegast væri að gera svæðið aðgengilegra fyrir vélknúin ökutæki með malbikun og betra viðhaldi vega innan vatnsverndarsvæðisins. Heilbrigðiseftirlitið telur að slíkt myndi síst minnka slysa- og aukinn hraðakstur með tilheyrandi slysa- og mengunarhættu. Ennfremur séu í malbiki skaðleg efni og lagning malbiks geti haft í för með sér hættu á mengun, enda séu allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum áhættuþáttur.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur styður því hugmyndir að takmörkun umferðar vélknúinna ökutækja innan grannsvæðis vatnsverndar, svo sem með færslu á bílastæðum, útivistarstígum og áningasvæðum og telur þær nauðsynlegar til að tryggja vatnsvernd á svæðinu, en hvetur til þess að slíkt verði gert í góðu samráði og samstarfi við hagaðila á svæðinu, enda um sameiginlega hagsmundi allra aðila að ræða.

Flutningur á vatnstökusvæði

Fram hafa komið tillögur um flutning á vatnsöflunar- og vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins ofar í landið í Vatnsendakrika til að koma í veg fyrir að takmörkun í aðgengi að svæðinu af einhverju tagi þurfi að fara fram og tryggja betri vatnsgæði. Veitur, sem ábyrgðaraðili vatnstöku á svæðinu, hafa ekki tekið undir þessar hugmyndir og telja þær áhættusamar, kostnaðarsamar og óþarfar með tilliti til vatnsverndar eins og staðan er í dag.

Að mati heilbrigðiseftirlitsins eru núverandi vatnstökusvæði Gvendarbrunna, Jaðars og Myllulækjartjarnar afar góð og skila af sér hreinu vatni til íbúa. Fullyrðingar um að vatnið sé ekki nægilega hreint og gott eiga ekki við rök að styðjast. Flutningur á vatnsöflunarsvæði er mögulegur en ekki heppileg aðgerð nema brýn þörf sé á. Vatnsleit og framkvæmdir við nýtt brunnsvæði myndi að öllum líkindum hafa í för með sér talsvert rask á umhverfinu með aukinni áhættu fyrir vatnsvernd, óvissa væri með árangur og kostnaður mjög mikill. Einnig má telja líklegt að aukinn íbúafjöldi og jarðhræringar á Reykjanesi muni valda því að nauðsynlegt sé að nýta öll ofangreind svæði til vatnstöku á komandi árum.

Ennfremur má leiða líkur að því að slíkur flutningur á vatnsverndarsvæði ofar í landið gæti haft neikvæð áhrif á áframhaldandi rekstur skíðasvæðisins í Bláfjöllum í núverandi mynd af vatnsverndarástæðum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur flutning brunnsvæða vatnsverndar mögulegan, en fela í sér tímafreka og kostnaðarsama aðgerð sem geti haft í för með sér óæskilegt rask, og sé fyrst og fremst óþarfa aðgerð á þessu stigi málsins. Engin rík rök kalli á flutning vatnsöflunarsvæðis í dag, enda séu gæði vatns góð og aðgengi almennings að útivistarsvæðum tryggt.



Girðing við Myllulækjartjörn

Nýlega kom í ljós að brunnsvæði við Myllulækjartjörn er ekki að fullu afgirt eða afmarkað á jafngildan máta, og liggur almennur göngustígur í gegnum svæðið. Heilbrigðiseftirlitið hefur í kjölfarið farið fram á við Veitur að bætt verði úr þessu í samræmi við vatnsverndarsamþykktina. Málið er í vinnslu og dagsetning liggur ekki fyrir, en í raun hefði brunnsvæði vatnsverndar átt að vera afgirt fyrir 10 árum síðan, enda er brunnsvæðið viðkvæmt og meiri hætta á mengun ef það stendur opið og óvarið.

Rétt er að ítreka að ekki er um að ræða stækkun brunnsvæðisins, heldur aðeins að girða núverandi brunnsvæði Myllulækjartjarnar af á fullnægjandi máta í samræmi við gildandi reglur. Þannig verði gönguleiðinni og svokölluðum Ríkishring ekki lokað, heldur legu hans breytt á ákveðnum kafla, og sú breyting sé takmörkuð og verði ekki raungerð fyrr en búið verði að leggja nýjan stíg á þeim kafla. Áhrif á útivistarmöguleik vegna þessa ætti því að verða takmörkuð.

Krafa um að brunnsvæði vatnsverndar sé afgirt og lokað almennri umferð er m.a. byggð á gildandi samþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, reglugerðum um varnir gegn mengun vatns, svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Reykjavíkur.

Krafan þar er skýr, að brunnsvæði skal algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð annarri en vegna vatnsveitunnar og skal afmarkað með girðingu eða samsvarandi.

Vatnsverndarsamþykktin bannar alla óviðkomandi umferð á brunnsvæðum aðra en vegna vatnsveitunnar sjálfrar og tilgreinir að að svæðið skuli afmarkað með girðingu eða öryggi tryggt á jafngildan hátt.

Reglugerðin bannar alla óviðkomandi umferð á brunnsvæðum aðrar en vegna vatnsveitunnar og heimilar að settar séu reglur um að svæðið sé afgirt.

Svæðisskipulag og aðalskipulag banna einnig óviðkomandi umferð.

Ef vilji er til að víkja frá því að núverandi brunnsvæði verði afgirt þarf að breyta bæði svæðisskipulagi og vatnsverndarsamþykkt að undangengnum umfangsmiklum rannsóknnum og samráði við hagaðila og nágrannasveitarfélög. Vatnsverndarsamþykktin er ígildi reglugerðar og er nánari útfærsla á mörgum reglugerðum sem snúa að vatnsvernd. Samþykktin byggir einnig á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og er því partur af því. HER hefur ekki upplýsingar um hvort girðing um brunnsvæði þurfi samþykki skipulagsyfirvalda, en þó má skipulagið ekki ganga á móti reglugerðum og samþykktum.

Tilgangur með því að girða af brunnsvæði er að tryggja gæði ómeðhöndlaðs neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar og að gæðin uppfylli kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf, enda hefur álag á svæðið aukist talsvert með auknum íbúafjölda og meiri ásókn.

Það verður ekki séð að lega göngustígs í gegnum brunnsvæði vatnsverndar standist ákvæði reglugerðar, vatnsverndarsamþykktar eða skipulags, sem bannar almenna umferð um brunnsvæði eða að rök séu til að víkja frá því ákvæði.



Mikilvægi vatnsverndar

Mikilvægt er að tryggja að Reykjavíkurborg eigi gjöfulega vatnstökusvæði á eigin landsvæði til að unnt sé að tryggja íbúum borgarinnar aðgang að hreinu og heilnæmu drykkjarvatni til langrar framtíðar. Neysluvatnið okkar er einstakt á heimsvísu og eru það einstök gæði að hafa aðgang að ómeðhöndluðu drykkjarvatni með miklu afhendingaröryggi. Að vera komin upp á önnur sveitarfélög við vatnsöflun er ekki sjálfbært. Mikilvægi vatnsverndar í Heiðmörk er grundvöllur byggðar á höfuðborgarsvæðinu, enda er vatnið einstaklega hreint og öruggt, og um að ræða grunnvatn sem þarfnast lítillar hreinsunar, öfugt við flest nágranna lönd okkar þar sem umfangsmikil hreinsun á yfirborðsvatni er nauðsynleg.

Það er von Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að allir aðilar vinni áfram saman að málinu með það að sameiginlegu markmiði að tryggja höfuðborgarbúum öruggt drykkjarvatn til framtíðar, og um leið að tryggja aðgengi almennings að skógræktarsvæðum og útivistarsvæðum í Heiðmörk á forsendum vatnsverndar, enda sé skógræktin mikilvægur samstarfsaðili landeigenda í að byggja upp og viðhalda því mikilvæga vatnsverndar- og útivistarsvæði sem Heiðmörkin er. Það er álit heilbrigðiseftirlitsins að útivist og vatnsvernd fari saman og að það hafi mikið verndargildi fyrir vatnsverndarsvæðið að Heiðmörk haldi áfram að vera útivistarperla Reykjavíkur. Hugmyndir um takmörkun á umferð vélknúinna ökutækja um grannsvæði vatnsverndar séu nauðsynlegar til að tryggja vatnsvernd og ekki til þess faldar að skerða útivistargildi svæðisins til lengri tíma, frekar festa það enn frekar í sessi. Mikilvægi Heiðmerkur sem útivistar- og skógræktarsvæðis ætti því ekki að vera ógnað heldur þvert á móti telur heilbrigðiseftirlitið að mikil tækifæri felist í góðu samstarfi Reykjavíkurborgar, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Veitna á svæðinu sem felist í sameiginlegu markmiði og stefnumörkun sem sett er fram í deiliskipulagi svæðisins.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Tómas Guðberg Gíslason
framkvæmdastjóri